

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 3011/95**frá 19. desember 1995****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 823/87 um sérstök ákvæði um
gæðavín sem eru framleidd í tilgreindum héruðum(*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Spánar og Portúgals, einkum 129. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitu Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samningsins milli Breska konungsríkisins og konungsríkisins Spánar og yfirlýsinga sem eru tengdar honum og 18. gr. tilskipunar um samhæfingu á samsetningu vörugjalds á alkóhól og áfenga drykki ⁽²⁾, einkum fyrstu undirgreinar ii-liðar.

Í 129. gr. aðildarlaganna er heimiluð notkun samsettu hugtakanna „British Sherry“, „Irish Sherry“ og „Cyprus Sherry“ á yfirráðasvæði Breska konungsríkisins og Írlands til 31. desember 1995.

Neytendum skulu veittar réttar upplýsingar, einnig í auglýsingum, og lögmatir hagsmunir vínframleiðenda í tilgreindum héruðum skulu njóta fullnægjandi verndar. Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 823/87 ⁽³⁾.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

L. ATIENZA SERNA

forseti.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Fyrstu undirgrein í 5. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 823/87 er hér með breytt sem hér segir:

- a) í stað hugtakanna „lýsing og kynning“ í inngangssætningunni komi „lýsing, kynning og auglýsingar“;
- b) eftirfarandi komi í stað fyrsta undirliðar:

„- heiti tilgreinds héraðs sem um getur í 3. gr. og er að finna í skránni sem var tekin saman samkvæmt þriðju undirgrein 1. gr.“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 314, 28. 12. 1995, bls. 14, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/97 frá 27. júní 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Áliti var skilað 15. desember 1995 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(2) Stjtið. EB nr. L 316, 31. 10. 1992, bls. 28. (Tilskipunin sem vísað er til er tilskipun 92/83/EBE, gefin út í sama hefti Stjórnartíðinda EB, bls. 21).

(3) Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 59. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.